

Stafrófið í náttúrunni

Skrifið stafrófið með krít á stétt eða notið stórt blað (bylgjupappi) eða lak.

Ef þið viljið styttri útgáfu af leiknum þá er hægt að skrifa hluta af stafrófinu eða ákveðin orð t.d. GRAS eða BLÓM

Þáttakendur hjálpast að við að finna hluti úr náttúrunni sem byrjar á hverjum staf. Setjið hlutina við stafinn.

Til að auka líkurnar á að það takist að fylla inn í alla reitina, þá er hægt að hvetja nemendur til að finna fleiri en eitt orð yfir sama hlutinn t.d. getur steinn líka verið grjót, blágrýti, hnullungur. Gras getur verið, planta, jurt, gróður, túnvingull, puntur.

Með þessu þurfa nemendur að hugsa um tungumálið og aukið orðaforða sinn sem tengist náttúrunni.

Dæmi:

